

Frístundastyrkur fyrir börn og ungmenni í Borgarbyggð

Borgarbyggð styrkir frístundaiðkun barna og ungmenna á aldrinum 6-18 ára með framlagi að upphæð kr. 40.000 á ári. Markmið framlagsins er að hvetja börn og ungmenni til að taka þátt í frístundastarfi. Hægt er að nýta frístundastyrk í:

- skipulagt frístundastarf sem stundað er undir leiðsögn þjálfara eða leiðbeinanda samfellt í amk. 10 vikur. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, dans í dansskólum, skátastarf og annað reglubundið frístundastarf,
- íþrótt- og tómstundanámskeið barna í 1. og 2. bekk sem skráð eru í íþrótt- og tómstundaskólann,
- þreksal, árskort/sundkort fyrir ungmenni á aldrinum 13 – 16 ára undir eftirliti íþróttifræðings samfellt í amk. 10 vikur,
- þreksal, árskort/sundkort fyrir ungmenni eldri en 16 ára,
- Nám í tónlistarskóla sem er samfellt í 10 vikur.

Hægt er að nýta frístundastyrkinn hjá félögum innan Borgarbyggðar sem og í öðrum sveitarfélögum. Umsóknir eru afgreiddar rafrænt í gegnum íbúagátt Borgarbyggðar á heimasíðunni borgarbyggd.is og í skráningarkerfinu Nóra vegna starfs hjá félögum UMSB á heimasíðunni umsb.is

Forráðamenn skrá sig inn á íbúagátt Borgarbyggðar, annað hvort með rafrænum skilríkum eða íslykli. Undir „Frístundastarf“ koma fram upplýsingar um námskeið. Hakað er við „Nota Frístundastyrk Borgarbyggðar“ og þá lækkar upphæð gjalda um þá upphæð sem nemur inneign frístundastyrks.

Frístundastyrkurinn er kr. 40.000 á ári sem möguleiki er að nýta hvenær sem er á árinu. Inneign fellur niður um áramót.

Samþykkt á fundi fræðslunefndar Borgarbyggðar 16. apríl 2020

Staðfest á fundi sveitarstjórnar 14. maí 2020